

Sveitarfélagið Ölfus
Gunnlaugur Jónasson
Hafnarbergi 1
815 Þorlákshöfn

Reykjavík, 6. ágúst 2021
UST202107-028/B.S.
10.04.03

Efni: Deiliskipulag - Þorlákshöfn – hafnarsvæði. Umsögn

Vísað er til bréfs Sveitarfélagsins Ölfus dags. 2. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreindar breytingar á deiliskipulagi Hafnarsvæðis í Þorlákshöfn.

Gert er ráð fyrir m.a. að lengja Suðurvarnargarð og gera nýja landfyllingu. Ráðgert er að nýta í landfyllinguna uppmokstur úr iðnaðarlóðum og dýpkunarefni úr höfninni. Umhverfisstofnun telur jákvætt að nýta jarðefni með þessu hætti í stað haugsetningar eða förgunar. Gert er ráð fyrir að afla þurfi um 145.000 m³ af stórgrýti í endurbætur á Suðurvarnargarði og verður það efni líklegast tekið að mestu leyti úr grjótnámu á Hafnarsandi og verður að líkindum fjallað sérstaklega um þann hluta framkvæmdarinnar á öðrum vettvangi.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við umrætt deiliskipulag.

Virðingarfyllt


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Agnes Þorkelsdóttir
Sérfræðingur